



FRÆÐSLUNEFND BLÁSKÓGABYGGÐAR

32. fundur fræðslunefndar Bláskógabyggðar

Mánudagur 7. apríl 2014

Laugarvatn

Grunnskóli (16:00 – 17:55)

Mætt: Bryndís Böðvarsdóttir formaður (BB), Axel Sæland ritari (AS), Valgerður Sævarsdóttir varaformarður (VS), Hrund Harðardóttir skólastjóri (HH), Aðalheiður Helgadóttir (fulltrúi starfsmanna), Guðný Tómasdóttir áheyrnarfulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps (GT), Elísabet Dröfn Erlingsdóttir fulltrúi foreldra (EDE)

1. **Skólaakstur.** Reglur um skólaakstur settar fram en drög að þeim voru kynnt á janúarfundi og þá var ákveðið að leita álits skólabílstjóra, sjá fylgiskjal 1.
Fræðslunefnd samþykkir nýjar skólaakstursreglur.
2. **Starfslýsing talmeinafræðings í grunnskóla kynnt.** Í janúar kom fram beiðni um starfslýsingu talmeinafræðings og skólastjórar unnu hana út frá hvoru skólastigi. Sjá fylgiskjal 2. Starfslýsingin tekin fyrir og samþykkt. Þörf er á starfslýsingum fyrir stuðningsfulltrúa og mun Hrund ganga í það mál á næstunni.
3. **Innra mat skólans.** Skriflegur spurningalisti hefur verið lagður fyrir starfsmenn. Allir starfsmenn hafa skilað inn og framundan er að vinna úr gögnunum. Fræðslunefnd leggur til að búinn verði til hópur sem mun vinna með innra mat skólans. Hrund mun fara í að útfæra þessa hugmynd og kynna sér hvernig hún starfar hjá öðrum skólum.
4. **Sérkennsla í Bláskógaskóla.** Áframhaldandi umræður í kjölfarið á síðasta fundi fræðslunefndar. Flest börnin eru eingöngu með frumgreiningu sem eru með sérkennslu þó svo að nokkur séu búin að fara í gegnum Bugl eða þroska- og greiningarstöð. Börn með frumgreiningu fá samt þá aðstoð sem óskað er eftir þar sem mjög langur biðlisti bíður þessara barna til að komast að hjá Greiningarstöð. Hrund ætlar að taka saman frekari upplýsingar um sérkennsluna þ.e.a.s. hvaða

greininar/próf liggja að baki hverjum nemanda sem er í sérkennslu. Áætlun um sérkennslu komandi skólaárs verður síðan kynnt í fræðslunefnd.

5. **Drög að skóladagatali leik- og grunnskóladeildar Bláskógaskóla lagt fram til kynningar.**
6. **Starfsmanna- og nemendamál.** Björk Jakobsdóttir kom í heimskókn í skólann þar sem hún vann fyrst með kennurum í smiðjum og svo með nemendum í 5.-10. bekk. Mikil ánægja var með komu hennar. HÍ-lestin kemur í maí þar sem hún mun vera með smiðjur fyrir krakkana í 6.-10. bekk. Þá verða sett upp ýmsar smiðjur meðal annars vísindasmiðja. 1.apríl var farið í starfsmannaferð til Rvk og kynnt sér notkun spjaldtölva í kennslu. Sæmundarskóli og Salaskóli eru komnir einna lengst í notkun þessa búnaðar. Það lítur út fyrir að nokkrar mannabreytingar verði á starfsfólki innan skólans. Hrund segir frá því að nýja skólaskrifstofan fari mjög vel af stað og sé að hjálpa mikið. Nokkrir skólar hafa komið í heimsókn í skólann Laugarvatns megin þar sem leik- og grunnskóli eru sambyggð og hafa verið að kynna sér hvernig til hefur tekist.
Skólinn hefur fest kaup á stundatöfluforriti sem útbýr stundatöflur miðað við þær forsendur sem gefnar eru.
Einhverjar starfsmannabreytingar eru áætlaðar á næsta skólaári en fyrir liggur að tveir til þrjú starfsmenn láti af störfum.
7. **Félagslíf í skólanum.** 9.bekkur fór í mjög vel heppnaða viku ferð á Laugar þar sem meðal annars símar voru bannaðir. Krakkarnir voru yfir sig ánægðir með ferðina.
8. **Annað**
 - a) Guðný segir frá því að foreldrar frá Grímsnesi segi að þau fái litlar upplýsingar frá Bláskógaskóla. Hrund bendir á allir foreldrar í Bláskógaskóla fái sömu upplýsingar. Síðastliðið haust hafi öllum foreldrum verið boðið til kynningar.